

**Ed.**

**492. Tillaga**

til þingsályktunar um, að sáttasemjari hafi umboðsmann á Austfjörðum.

Flutningsm.: Jón Baldvinsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á atvinnumálaráðherra að hlutast til um það við sáttasemjara ríkisins, að hann hafi umboðsmann á Austfjörðum, er geti, þegar tilefni er til, tekið að sjer sáttatilraunir í vinnudeilum þar.

**Greinargerð.**

Í umræðunum um lögina um sáttatilraunir í vinnudeilum var gert ráð fyrir því, að sáttasemjari geti sett fyrir sig umboðsmenn úti um land, þar sem hann nær ekki til. Nú hefir komið frá Austfjörðum ósk um það, að sáttasemjari hafi þar umboðsmann til sáttatilrauna í vinnudeilum.